

Langanesbyggð  
Langanesvegi 2  
680 Þórshöfn

Hafnarfjörður 11. mars 2025  
Tilv. 2025-02-06-0124

### Efni: Varðar umsagnarbeiðni vegna Tunguárvirkjunar í Þistilfirði

Með erindi sem Fiskistofu barst úr Skipulagsgátt þann 6. febrúar 2025, óskar Langanesbyggð eftir umsögn Fiskistofu, þar sem sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 30. janúar 2025 að auglýsa skipulagslýsingu vegna vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 og við nýtt deiliskipulag vegna Tunguárvirkjunar í Þistilfirði. Málið er nú í lýsingarferli og er nr. 129/2025.

Á þessu stigi máls vill Fiskistofa einungis benda á að framkvæmdir eins og gert er ráð fyrir í breyttu skipulagi kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu en um það gildir 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Kveður greinin á um að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði sé háð leyfi Fiskistofu. Sækja má um leyfi með rafraenum hætti á vefsíðu Fiskistofu: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>. Einnig er vakin athygli á því að með umsókn skal fylgja álit viðkomandi veiðifélags og umsögn sérfræðings vegna hugsanlegra áhrifa framkvæmda á lífríkið eða aðstöðu til veiði.

Að lokum tekur Fiskistofa undir umsögn Hafrannsóknastofnunar í málínu en þar kom eftirfarandi fram:

*„Rétt er að benda á að Tunguá (102-1403-R) er hliðará í straumvatnshlotinu Svalbarðsá (102-1425-R) og mun fyrirhuguð virkjun hafa áhrif á það vatnshlot einnig, ekki eingöngu Tunguá. Samkvæmt nýlegu botngerðarmati í Svalbarðsá (Hlynur Bárðarson og fleiri 2016) þar sem verið var að meta framleiðslugetu Svalbarðsár og hliðará á hennar kom fram að í Tunguá finnst lax, urriði og bleikja og að í vatnakerfinu finnast einnig hornsíli. Svokölluð framleiðslugeta var metin fyrir lax fyrir allt vatnakerfi Svalbarðsár og kom fram að um 9% af heildarfjölda framleiðslueininga á fiskgengum hluta Svalbarðsár kom úr Tunguá. Af þessu er nokkuð ljóst að Tunguá er mikilvægur hluti af búsvæðum fyrir laxa. Ekki var lagt mat á efri hluta Tunguár (ofan foss) í þessari rannsókn og því ekki þekkt hvort um staðbundna fiskistofna er að ræða á svæðinu, sem verður undir áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar. Ekki kemur fram hvernig rekstri virkjunarinnar verði háttar að en áhrifin á lífríki eru meiri ef um ójfænt rennsli verður að ræða. Hafrannsóknastofnun bendir einnig á að mikilvægt er að skipuleggja vel alla efnistöku fyrirfram með það að markmiði að takmarka alla efnistöku í eða við vatn og að efnistaka fari frekar fram í skilgreindum nánum samkvæmt Aðalskipulagi.“*



**FISKISTOFA**  
TRAUST - FRAMSÆKNI - VIRÐING

Virðingarfyllst,  
F.h. Fiskistofu

sími 569 7900 • fax 569 7990

[fiskistofa@fiskistofa.is](mailto:fiskistofa@fiskistofa.is)

**fiskistofa.is**

Hera Aradóttir

Hera K. Aradóttir  
Sérfræðingur á lax- og silungsveiðisviði